



HVÍTU TJÖLDIN

Af hverju þarf ég að sækja um stæði?

Enginn er skyldugur til að sækja um en þeir sem vilja vera við ákveðna götu geta sótt um til að auka líkurnar á að fá lóð fyrir tjaldið í þeirri götu. Allar lóðir í Dalnum verða til úthlutunar í kerfinu.

Af hverju varð þessi breyting?

Þjóðhátíðarnefnd fékk töluvert af ábendingum um að gestir þjóðhátíðar væru ósáttir við það fyrirkomulag sem verið hefur og töldum við okkur knúin til að reyna að finna aðra leið til að úthluta lóðum/svæðum í dalnum.

Hvað er að því að hafa hlaupið?

Hlaupið hefur haft sína kosti og galla og taldi Þjóðhátíðarnefnd að gallarnir við það fyrirkomulag væru fleiri en kostirnir.

Hver úthlutar lóðum?

Búið er að búa til forrit sem sér um úthlutunina en eins og undanfarin ár þá fá sjálfboðaliðar þjóðhátíðar fyrst úthlutaðar lóðir áður en það kemur að öðrum gestum.

Af hverju að sækja um 1. 2. og 3. val?

Til þess að auka líkurnar á að þú fái lóð fyrir tjaldið þitt á þeim stað sem þú vilt vera, með þessu getur kerfið frekar uppfyllt óskir tjaldeiganda um staðsetningu.

Um hvað get ég valið?

- Það er hægt að velja um götu
- Það er hægt að velja hvort þú viljir vera hægra eða vinstra megin í götu neðan frá séð
- Það er hægt að velja hvort þú viljir vera fremsta tjald í götu
- Það er eingöngu hægt að sækja um tjaldstæði fyrir tjöld sem eru 6 metrar eða minni á breidd

Ef ég vil ekki sækja um í gegnum dalurinn.is?

Eftir að búið er að koma tjaldsúlunum fyrir miðvikudaginn 28. júlí þá mega þeir sem ekki voru í umsóknarferlinu koma sínum súlum fyrir efst í götu.

Af hverju þarf ég að gefa upp kortaupplýsingar?

Allir þurfa að gefa upp kortaupplýsingar við skráningu og er það gert til að hægt sé að rukka þá sem eru að sækja um margar lóðir að ástæðulausu. Er þetta gert til að koma í veg fyrir að fólk sé að misnota kerfið. Kerfið mun taka frá heimild á kortinu þínu á meðan þetta ferli er í gangi og munum við aflétta heimildinni þegar súlurnar eru komnar upp.

Af hverju þarf ég að staðfesta valið mitt?

Í Herjólfsdal eru rúmlega 300 lóðir, ef umsóknir eru fleiri en 350 þá er borðleggjandi að eitthvað er ekki rétt í skráningarkerfinu og þarf því að staðfesta allar umsóknir. Staðfestingin er þannig að þið þurfið að fara inn á mínar pantanir á dalurinn.is og staðfesta það að þið viljið vera á þeirri götu sem ykkur er úthlutað. Ef þið staðfestið ekki lóðarúthlutun þá verðið þið rukkuð um 10.000 per lengdarmeter sem þið nýtið ekki sem og ef þið mætið ekki í Dalinn með tjaldið.

Klukkan hvað opnar skráning miðvikudaginn 14. júlí?

Klukkan 10:00, kerfið er samt ekki þannig uppbyggt að þetta sé fyrstur kemur fyrstur fær. Það er því ekkert stress að ganga frá skráningu nema fyrir 20. júlí kl. 10:00.

Af hverju þarf ég að gefa upp netfang?

Ef einhverjar spurningar vakna sem við þurfum að fá svör við eða ef þú hefur ekki staðfest skráningu fyrir ákveðinn tíma.

Hvernig verður haft samband við mig til að staðfesta stæðið mitt?

Ef þú hefur ekki farið inn á mínar síður á www.dalurinn.is og merkt við annað hvort að þú viljir nýta lóðina eða ekki, fyrir hádegi 20. júlí þá munum við senda á þig tölvupóst til áminningar.

Hvað gerist ef þetta kerfi virkar ekki eins og það er sett upp?

Þá þurfum við að grípa til annarra ráðstafana og munum við láta gesti okkar vita.

GÖTURNAR

Upp við stein

Oddgeirsklettur

Ásaklettur

Vosaklettur

Efri byggð (austur)

Efri byggð (vestur)

Golfgata

Sigurbraut

Sjómannasund

Lundaholur

Skvísusund

Veltusund

Ástarbraut

Týsgata

Pórgata

Reimslóð